Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

Innleiðing aðalnámskrár grunnskóla

- verkáætlun fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar 2012-2014 -

1. Markmið:

Markmið verkáætlunar er að samhæfa vinnulag innan sveitarfélags við innleiðingu aðalnámskrár grunnskóla í alla grunnskóla í Hafnarfirði með leiðum sem miða að:

a. heppilegu, samræmdu skipulagi á innleiðingunni með sameiginlegri tímalínu - *nýta tímann vel og skipuleggja markvisst innleiðingarferlið*
b. nýta samvinnu og lærdóm milli skóla í innleiðingarferlinu – *læra af hvert öðru*
c. móta nýja vinnuferla og vinnubrögð í samræmi við lög og reglugerðir – *vinna viðeigandi ferlabreytingar*
d. aðlaga/uppfæra (i) skólanámskrár (m.a. viðmiðunarstundaskrá og framsetningu einstakra námsgreina innan námssviða – grunnþættir, markmið, lykilhæfni o.fl.), (ii) starfsáætlanir (m.a. skóladagatölum) og (iii) starfsskýrslur (m.a. upplýsingagjöf og framkvæmd ytra mats sveitarfélags) – *setja viðmið umnám og kennslu*

2. Framkvæmda- og tímarammi:

Miðað er við að nýta þann tímaramma sem aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir innleiðingu með því að samhæfa tímasetningar á nýjum verkefnum, nýta vel þrjú ár sem innleiðingartíma. Meginhugmyndin er að nýta þrjú ár til samhæfingarvinnu þar sem miðað er við að þróa saman lærdómssamfélag um innleiðinguna, (a) innan Hafnarfjarðar í heild og (b) innan hvers skóla, sem felur í sér nokkur atriði:

- að stýra saman heppilegri, samhæfðri umgjörð um fagstarf í skólum (viðmið og form)
- að móta saman skilning á því hvaða breytingar séu nauðsynlegar á skólastarfinu
- að gefa okkur tíma til að ræða okkur að niðurstöðum um ákjósanlega fagþróun
- að læra hvert af öðru og nýta hugmyndir sem eru gefandi fyrir alla
- að sérhver skóli fái tækifæri til að þróa áfram eigin sérstöðu (eins og aðalnámskrá heimilar) í því að hver skólanámskrá sé aðlöguð að skólamenningu hvers skóla.

Nánari útfærslu á þessum framkvæmda- og tímaramma er að finna á næstu síðum.

Grófur tímarammi fyrir innleiðingu er eftirfarandi:

Skólaár 2011-2012 (vor 2012):

- Fræðsla fyrir:
  - stjórnendur grunnskóla um aðalnámskrána og innleiðingu hennar (3x).
  - kennara um helstu áherslur nýrrar aðalnámskrár og verkefnið framundan (1x).
- Ákvörðun um helstu verkefni og verklag við umbreytingu skólanámskráa (ásamt viðmiðunarstundaskrá), starfsáætlana og starfsskýrslna.
- Snið/skapalon að skólanámskrá, starfsáætlun og starfsskýrslu skilgreint og ákveðið.
- Kynna drög að starfsviðmiðum um forvarnir (almennar) í grunnskólastarfi.

Skólaár 2012-2013:

- Snið/skapalon að skólanámskrá skilgreint og ritað (að hluta).
- Viðmiðunarstundaskrárform og skólanámskrárform aðalnámskrár 1999 notað sem fer í bráðabirgðamat fræðsluráðs líkt og viðhaft var skólaárið 2011-2012.
- Stefnumótunarvinna stjórnenda um skipulag sex grunnþátta menntunar og lykilhæfni skólanámskrá auk ritunar þeirra í skólanámskrá af kennurum..
- Fræðsla fyrir kennara um grunnþætti menntunar og lykilhæfni, sex fræðsluþættir yfir skólaárið í öllum skólum (aðaláhersla í símenntun Skólaskrifstofunnar þetta skólaár) sem hefst með inngangsferli (ágústdagar og fagfundir kennara í byrjun október í umsjá þróunarfulltrúa).
- Samhæfingarvinna skólanámskrár að nýrri aðalnámskrá varðandi grunnþætti menntunar og lykilhæfni (fylla út í nýtt snið/skapalon skólanámskrár):
  - Fyrir skólann sem hluti stefnu hans - *skólastjórnendur*
  - Grunnþættir menntunar í hverjum árgangi í grunnskóla (1.-10. bk.) - *kennarar*
  - Lykilhæfni fyrir hvert námssvið í öllum árgöngum - *kennarar*

Skólaár 2013-2014:

- Snið/skapalon að starfsáætlun skilgreint og ritað.
- Viðmiðunarstundaskrárform og skólanámskrárform aðalnámskrár 1999 notað sem fer í bráðabirgðamat fræðsluráðs líkt og viðhaft var skólaárið 2011-2012.
- Samhæfingarvinna:
  - Fylla út í snið/skapalon skólanámskrár fyrir einstaka námsgreinar í öllum árgöngum og mat á hæfi í öllum námssviðum - *kennarar*.
  - Fylla út í snið/skapalon starfsáætlunar skóla að nýrri aðalnámskrá – *skólastjórnendur*.

Skólaár 2014-2015:

- Snið/skapalon að starfsskýrslu skilgreint og ritað.
- Ný skólanámskrá (þ.m.t. viðmiðunarstundaskrá) og starfsáætlun teknar í notkun (lög um grunnskóla 2008, aðalnámskrá 2011/2012) og fyrsta matsferli samkvæmt nýju matsferli prófað í fyrsta sinn.
- Samhæfingarvinna:
  - Fylla út í snið/skapalon starfsskýrslu skóla - *skólastjórnendur*.

Árin 2015-2020 verði skólanámskrár (ásamt viðmiðunarstundaskrá), starfsáætlanir (ásamt skóladagatali) og starfsskýrslur teknar árlega í matsferli þar sem gert er ráð fyrir að öll plöggin þurfi frekari „fínpússningu“ við og einhverjir vinna verði áfram í aðlögun og mótun, hvort sem það eru stefnur, áætlanir og skýrslur.

3. Skipulag:

Nánar um skipulag við framkvæmd innleiðingarinnar eftir skólaárum.

Skólaárið 2011-2012:

Megináhersla verði á fræðslu og samræðu skólastjórnenda (skólastjórar, aðstoðarskólastjóra, deildarstjórar) með þremur samráðsfundum á vorönn 2012. Umræðan mun snúast um nýju aðalnámskrá grunnskóla, innleiðingu hennar inn í skólastarfið og breytingu vinnuferla.

Sótt um í Endurmenntunarsjóð grunnskóla með umsóknir fyrir grunnþætti menntunar sem meginviðfang símenntunar í grunnskólum skólaárið 2012-2013.

janúar 2012

Tímasetning	Verkefni	Útskýring
Dagur: föstudagur 27. jan. **Tími:** kl. 13.30-15.30 **Staðsetning:** Ákveðið síðar **Ábyrgð:** Fulltrúar ráðuneytis mennta- og menningarmála og þróunarfulltrúi.	*Kynning á aðalnámskrá grunnskóla og reglugerðum tengd lögunum um áhrif til breytinga á skólastarfi á næstu árum.*	Fyrsti undirbúningur samhæfingar og samræðu um innleiðingu aðalnámskrár grunnskóla í skólaumhverfið í Hafnarfirði.

febrúar

Dagur: mánudagar 13. og 20. feb. **Tími:** kl. 14.30-16. **Staðsetning:** Hraunvallaskóli (13.2.) og Víðistaðaskóli (20.2). **Ábyrgð:** Fulltrúar ráðuneytis mennta- og menningarmála og þróunarfulltrúi.	*Kynning á aðalnámskrá grunnskóla og reglugerðum tengd lögunum um áhrif til breytinga á skólastarfi á næstu árum.*	Kynning fyrir kennara í bænum með tveimur fundum þar sem hópnum verði skipt í tvennt. **Hraunvallaskóli**: Hraun., Hval., Ásl., Öld., Stóru-Vogaskóli. **Víðistaðaskóli** : Víð., Lækj., Setb., Álftanesskóli, Barnask. Hjall.

mars 2012

Tímasetning	Verkefni	Útskýring
Dagur: föstudagur 9. Mars. **Tími:** kl. 13.30-16. **Staðsetning:** Ákveðið síðar. **Ábyrgð:** Fagteymi grunnskóla.	*Forvarnir í grunnskólum – grunnþættir menntunar: Verkefni sérfræðiþjónustu sveitarfélags og einstakra grunnskóla.*	Sérfræðiþjónusta / fagteymi grunnskóla með kynningu á starfsviðmiðum og forvarnaferlum í forvarnarstarfi grunnskóla.

apríl 2012

Tímasetning	Verkefni	Útskýring
Dagur: föstudagur 11. maí. **Tími:** kl. 13.30-16. **Staðsetning:** Ákveðið síðar. **Ábyrgð:** Þróunarfulltrúi.	*Skólanámskrár, starfsáætlanir og starfsskýrslur – Samhæfing og aðlögun að aðalnámskrá með gerð sniða/skapalona.*	Farið yfir hugmyndir um verklag og uppbyggingu skólanámskráa, starfsáætlana og starfsskýrslna samkvæmt nýrri aðalnámskrá.

Skólaárið 2012-2013:

Megináherslan verður á skólanámskrána og hafin vinna við að skrá í nýtt form að skólanámskrá fyrir grunnskólana í Hafnarfirði. Vinnunni er skipt í tvo hluta og verður sá fyrri unninn þetta skólaár en sá síðari (viðmið á hæfni fyrir námssviðin og lýsing námsgreina) skólaárið 2013-1014.

Til viðbótar við þessa innleiðingaráætlun fyrir sveitarfélagið í heild sinni er gert ráð fyrir að fram fari vinna í einstaka skólum um nýja Aðalnámskrá og stefnu einstakra skóla sem lið í því að framfylgja þeim.

Áhersluþættir:

- Skilgreind viðmið og form fyrir nýja skólanámskrá þar sem hafið verður að skrá grunnþætti menntunar og lykilhæfni í námskrána (I. hluti, þáttur kennara), ljúka II. hluti um stefnu og áætlanir skóla (skólastjórnendur) og ljúka III. hluti um viðmið (Skólaskrifstofan) fyrir lok skólaársins.
- Fræðsla um sex grunnþætti menntunar og lykilhæfni nemenda meðal kennara þar sem unnið verði að því að skilgreina stefnu skóla (stjórnendur) um það, áherslur grunnþáttanna í hverjum árgangi og lykilhæfni á hverju námssviði (kennarar). Eftir er að finna fræðara en gert ráð fyrir að hver fræðsluþáttur í skóla verði fyrirlestrar 2x40 mín. og í framhaldinu verði vinnufundur 2x40 mín.

Allir mánuðir skólaársins 2012-2013

Tímasetning	**Verkefni**	**Útskýring**
Dagur: 6 skipti yfir veturinn **Tími:** 2 klst. **Staðsetning:** Hver skóli. **Markhópur:** Allir kennarar **Ábyrgð:** Aðkeyptir fyrirlestrar	*Fræðsla um grunnþættina menntunar og lykilhæfni í hverjum skóla á starfsmannafundum og samvinna um fagþróun þeirra í skólastarfinu og fagvinnu sem fylgja skal í kjölfarið á vinnufundi.*	Meginatriði í símenntun á vegum fræðsluþjónustunnar/ Skóla-skrifstofunnar þetta skólaár fyrri allt grunnskólakerfið í samræmi við styrkveitingu úr Endurmenntunar-sjóði grunnskóla.
Dagur: 15. júní **Tími:** ? **Staðsetning:** Skólaskrifstofan. **Markhópur:** Kennarar á elsta stigi og fulltrúar framhaldsskóla **Ábyrgð:** Þróunarfulltrúi grunnskóla	*Gerð viðmiða um tengsl og samstarf grunnskóla og framhaldsskóla.*	Unnið verði að því (með fundum, fræðslu, ráðstefnu, málþingi ?) að vinna að útfæra viðmið um faglega ábyrgð bæði grunn- og framhalds-skóla er tengist nýjum aðalnám-skrám. Samstarf um ritun grunn-þátta menntunar og lykilhæfni við mörk skólastiganna.
Dagur: 15. júní **Tími:** ? **Staðsetning:** Skólaskrifstofan. **Markhópur:** Vinnuhópur um mat **Ábyrgð:** Þróunarfulltrúar leik- og grunnskóla	*Skilgreindir matsþættir úr skólanámskrá fyrir ytra mats sveitarfélags.*	Haldin áfram vinna starfshóps um mat á skólastarfi.

ágúst 2012

Tímasetning	Verkefni	Útskýring
Dagur: 13. ágúst. **Tími:** kl. 13.30-16 **Staðsetning:** Ákveðin síðar. **Markhópur:** Allir stjórnendur. **Ábyrgð:** Þróunarfulltrúi.	*Samstarfsdagur um vinnu afmörkun, viðmið og form skólanámskrár.*	Vinnufundur um mótun skólanámskrár grunnskólanna í Hafnarfirði í samhengi viðmiða og forms.
Dagur: 20.-22. ágúst. **Tími:** 1,5 klst. að vali skóla **Staðsetning:** Hver grunnskóli. **Markhópur:** Allir kennarar. **Ábyrgð:** Þróunarfulltrúi.	*Kynning á vinnuferli vegna innleiðingar aðalnámskrár (skólanámskráin, grunnþættir menntunar, lykilhæfni og símenntun í etur sem tengist því)*	Fræðsla og umræður sem fari fram í hverjum grunnskóla á skipulags-dögum í upphafi skólaárs til að undirbúa vinnu vetrarins um skólanámskrá og vinnuferli þess (grunnþætti menntunar og lykilhæfni).

september 2012

Tímasetning	Verkefni	Útskýring
Dagur: mánudagur 3. og/eða 17. **Tími: ?** **Staðsetning:** Kroseyri. **Markhópur:** Fræðsluráð. **Ábyrgð:** Þróunarfulltrúi.	*Form og viðmið fyrir nýja skólanámskrá grunnskóla í lögð fram til staðfestingar í fræðsluráði.*	Fræðsluráð taki ábyrgð og staðfesti skipulag um viðomið um form og inntak nýrrar skólanámskrár.
Dagur: 30. september **Tími: ?** **Staðsetning:** Skólaskrifstofan. **Markhópur:** Skólarnir. **Ábyrgð:** Þróunarfulltrúi.	*Staðfest form og viðmið fyrir nýja skólanámskrá tekin til notkunar í innleiðingarferlinu. III. hluti skólanámskrár klár og fylgir formi.*	Skólaskrifstofan gefur út form og viðmið fyrir skólanámskrá sem unnið verði með í skólunum og tekið í notkun skólaárið 2014-2015.
Dagur: 30. september **Tími: ?** **Staðsetning:** Skólaskrifstofan. **Markhópur:** Skólastjórnendur **Ábyrgð:** Fagteymi grunnskóla.	*Bráðabrigðaútgáfa á starfsviðmiðum um forvarnir í skólastarfi gefin út og dreift í kjölfar kynningar í fræðsluráði*	Plaggið verði óopinbert þennan vetur og yfirfarið og yfirlesið af sérfræðingum á hverju sviði auka skólastjórnenda til útgáfu ári síðar.

október 2012

Tímasetning	Verkefni	Útskýring
Dagur: mánudagur 1. október. **Tími:** kl. 14-16. **Staðsetning:** Öldutúnsskóli. **Markhópur:** Allir kennarar. **Ábyrgð:** Þróunarfulltrúi.	*Fagfundur:* *Fagsamvinna kennara í Hafnarfirði.*	Fagfundir kennara verði m.a. til-einkaðir umræðu um grunnþættina sex (árgangar) og lykilhæfni á einstökum námssviðum þvert á skóla. Komið á sjálfskipaðri samvinnu eftir atvikum.

febrúar 2013

Tímasetning	Verkefni	Útskýring
Dagur: 13. febrúar (öskud.). **Tími:** kl. 13-16. **Staðsetning:** Ákveðið síðar. **Markhópur:** Allir stjórnendur. **Ábyrgð:** Þróunarfulltrúi.	*Eftirfylgnifundur með verkefni vetrarins.* *Inntak ákveðið síðar.*	Samráðsfundur a. allra stjórnenda í grunnskólum (skólastjórar, aðstoðarskólastjórar, deildastjórar) eða b. allra kennara

júní 2013

Tímasetning	Verkefni	Útskýring
Dagur: 15. júní. **Tími:** kl. **Staðsetning:** Ákveðið síðar. **Markhópur:** Allir stjórnendur. **Ábyrgð:** Þróunarfulltrúi.	*Allir grunnskólar skila inn skólanámskrá þar sem I. hluti (grunnþættir menntunar og lykilhæfni) og II. hluti eru skráðir.*	Skilað til Skólaskrifstofu.

Skólaárin 2013-2014 og 2014-2015

Útfærslur fyrir skólaárin 2013-2014 og 2014-2015 gerast síðar og taka mið af þeirri vinnu sem verður lokið vorið 2013 og vorið 2014. Áhersla skólaársins 2013-2014 verður þó að ljúka að skrá um námssvið og lýsingar námsgreinar í skólanámskrá (kennarar) og form og viðmið fyrir starfsáætlun (Skólaskrifstofa og skólastjórnendur). Skólaárið 2014-2015 verði áherslan á form og viðmið fyrir starfsskýrslu (Skólaskrifstofa og skólastjórnendur) og ný skólanámskrá og starfsáætlun tekur gildi.

Endurskoðuð áætlun í fjórða sinn.

Hafnarfirði 13. júlí 2012.

Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla